

Mosfellsbær  
B.t. bæjarráðs  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Egilsstaðir, 7. mars 2024

*Efni: Boð um aðild að Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu*

Þann 9. febrúar sl. fór fram stofnfundur **Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR)**. Meginmarkmið með stofnun miðstöðvarinnar er að styðja við stafræna umbreytingu hjá sveitarfélögum ásamt því að byggja upp þekkingu á málaflokknum innan héraðsskjalasafna, finna hentugar lausnir á hýsingu og ekki síst að lækka kostnað við móttöku og langtímavörslu rafrænna og stafrænna gagna.

Héraðsskjalasöfnin hafa gert samning við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) sem er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku um rafræna skjalavörslu. NEA skipuleggur fundi, námskeið og veitir ráðgjöf varðandi fjölmarga verkþætti, svo sem kortlagningu rafrænna gagnasafna og gagnakerfa, tilhögun afhendinga, langtímavörslu rafrænna gagna og uppsetningu á gagnageymslu rafrænna/stafrænna gagna. Af þessu má sjá að MHR er ekki eingöngu ætlað að taka á móti vörsluútgáfum og yfirfara þær heldur einnig og ekki síst að styðja sveitarfélögin við undirbúning stafrænnar umbreytingar.

Geta og möguleikar héraðsskjalasafna til að reka eigin móttökumiðstöðvar er afar misjöfn. Með því að taka þátt í rekstri MHR tryggja sveitarfélög sér grundvöll þess að hefja stafræna umbreytingu og veita héraðsskjalasöfnunum nauðsynlegan stuðning til að uppfylla lagaskyldur sínar um móttöku rafrænna gagna óháð stærð sveitarfélaga sem að baki þeim standa eða þekkingar innan héraðsskjalasafnanna. Héraðsskjalasöfnin hafa í sameiningu unnið að þessu verkefni frá haustmánuðum 2022. Á árinu 2023 tóku nokkur héraðsskjalasöfn á móti rafrænum afhendingum í samræmi við gildandi reglur þar um og geta þau afgreitt og veitt aðgengi að þessum rafrænu gögnum. Verkefnið er því komið á rekspól en nauðsynlegt að stíga áfram næstu skref.

Það fylgir því óhjákvæmilega kostnaður að reka miðstöð sem þessa. Ráða þarf starfsmann með sérþekkingu á langtímavörslu rafrænna gagna, kaupa viðeigandi tæki og tól, tryggja aðstöðu og hýsingu. Einnig er nauðsynlegt að fara í vissa þróunarvinnu t.d. varðandi aðgengi að vörsluútgáfum og miðlun skráa um innihald þeirra. Það liggur þó í augum uppi að það er ódýrara að öll héraðsskjalasöfn sameinist um eina slíka miðstöð en að hvert og eitt héraðsskjalasafn komi sér upp slíkri miðstöð.


Kostnaði við grunnrekstur miðstöðvarinnar verður skipt niður á héraðsskjalasöfnin með tilliti til íbúafjölda sveitafélaganna sem þau reka. Þetta gefur héraðsskjalasöfnunum aðgang að viðeigandi eyðublöðum, aðstoð við kortlagningu gagnasafna, ráðgjöf varðandi skipulag gagna og aðgang að hugbúnaði til að afgreiða úr og halda utan um vörsluútgáfur. Aftur á móti þarf hver skjalamyndari fyrir sig (sveitarfélag, stofnun sveitarfélags eða aðrir aðilar sem ber að skila gögnum sínum á héraðsskjalasafn) að greiða fyrir þjónustu varðandi tilkynningar um gagnasöfn og afhendingu á vörsluútgáfum, enda er slíkt aðeins eðlilegur hluti af kostnaði við skjalavörslu hvers og eins skjalamyndara.

Með bréfi þessu viljum við bjóða Mosfellsbæ, f.h. Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar, að gerast aðili að MHR. Eins og sjá má af meðfylgjandi gögnum voru það fulltrúar átta héraðsskjalasafna sem skrifuðu undir aðild sína á stofnfundinum. Eitt sveitarfélag til viðbótar hefur þegar tilkynnt aðild síns safns og fleiri hafa tekið jákvætt í það án þess að endanleg staðfesting liggji fyrir. Allt í allt gerir framkvæmdastjórn MHR nú ráð fyrir því að 15 af 20 héraðsskjalasöfnum landsins verði orðnir aðilar að miðstöðinni fyrir eigendafund, sem gert er ráð fyrir að haldinn verði í byrjun apríl. Við það tækifæri mun fjárhagsáætlun ársins verða endanlega afgreidd og eignarhlut skipt, í samræmi við íbúafjölda að baki hverju safni.

Varðandi kostnað við reksturinn, að frátöldum sértekjum, þá er honum skipt niður á söfnin með föstu gjaldi annars vegar og hlutfallslega eftir íbúafjölda hins vegar. Vegna þess að endanlegur fjöldi aðildarsafna liggur ekki fyrir er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um kostnaðarhlutdeild hvers eiganda á þessu stigi. En framkvæmdastjórn hefur lagt ákveðna tölu til grundvallar til bráðabirgða og hefur jafnframt ákveðið hámarkstölu fyrir árið þannig að staðfest hámarksframlag Mosfellsbæjar á yfirstandandi ári verður að hámarki kr. 490.000, en stefnt er að því að framlagið verði kr. 425.000 og vonandi verður endanleg tala sem næst því.

Undirritaður er reiðubúinn að veita allar nánari upplýsingar verði eftir því óskað.

F.h. framkvæmdastjórnar MHR



---

Stefán Bogi Sveinsson  
Formaður